

Hreppsnefnd Akrahrepps: Fundargerð 30. október 2019

16. fundur 2018 – 2022

Fundarstaður: Héðinsminni og hefst fundur klukkan 16.

Mætt: Drífa Árnadóttir, Eyþór Einarsson, Þorkell Gíslason, Einar Gunnarsson og Hrefna Jóhannesdóttir. Agnar Gíslason viðstaddur lið 6.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2020

Umræða um rekstur og framkvæmdir vegna gerðar fjárhagsáætlunar 2020-2022.

2. Sameiginleg viljayfirlýsing sveitarfélaganna vegna uppbyggingar skólamannvirkja í Varmahlíð.

Hreppsnefnd Akrahrepps samþykkir eftirfarandi viljayfirlýsingu:

Sveitarfélögin Skagafjörður og Akrahreppur samþykka að stefna að uppbyggingu skólamannvirkja fyrir leik-, grunn- og tónlistarskóla á einum stað í núverandi húsnæði Varmahlíðarskóla. Í samræmi við þann vilja verður unnið að þarfagreiningu og hönnun gagngerra breytinga húsnæðis og lóðar fyrir skólana þrjá á árinu 2020, í nánú samráði við fulltrúa hlutaðeigandi hagsmunahópa úr samfélaginu í framanverðum Skagafirði. Markmiðið er að breytingar sem gerðar verða á húsnæðinu og umhverfi þess uppfylli þær þarfir og kröfur sem gerðar eru í dag til skólahalda leik-, grunn- og tónlistarskóla, sem og til fyrirsjáanlegrar framtíðar. Við hönnunina verði eftir því sem unnt er haft að leiðarljósi að ákveðnir þættir starfsemi sem fram fer í húsinu, s.s. bókasafn geti einnig þjónað nærsamfélaginu.

Leiði niðurstaðan til þess að þessi valkostur verði fýsilegur verður lagt upp með að framkvæmdir hefjist á árinu 2021 en að öðrum kosti verði aðrir möguleikar skoðaðir.

Sameiginleg verkefnisstjórn verður stofnuð á næstunni og mun vinna að framgangi verksins næstu vikur og mánuði.

3. Hreinlætismál og sorpflokkun.

Ákveðið að hefja viðræður um samstarf við Svf. Skagafjörð með það að markmiði að endurskoða sorphirðu í Akrahreppi, umsjón og rekstur móttökustöðva og flutning sorps.

4. Erindi frá hestamannafélaginu Skagfirðingi

Lögð fram beiðni um fjárframlag til reksturs sameiginlegs framkvæmdastjóra þriggja félaga; Hestamannafélagið Skagfirðingur (kt: 410316-1880), Hrossaræktarsamband Skagafjarðar (HSS, kt: 580590-2849) og Reiðhöllin Svaðastaðir (Fluga ehf., kt: 631000-3040).

Hreppsnefnd hafnar erindinu á þeim forsendum að sveitarfélagið Akrahreppur hefur ekki tekið þátt í beinum launakostnaði félagasamtaka.

5. Skipan fulltrúa í verkefnaráð vegna Blöndulínu 3

Lagt fram erindi frá Landsneti varðandi skipan fulltrúa frá Akrahreppi í verkefnaráð á vegum Landsnets vegna Blöndulínu 3.

Ákveðið að tilnefna Þorkel Gíslason aðalmann og Drífu Árnadóttur til vara. Hrefna Jóhannesdóttir er tilnefnd f.h. Skógræktarinnar.

6. Erindi frá húsnefnd Héðinsminnis

Agnar Gíslason formaður mætti fyrir hönd húsnefndar. Hreppsnefnd ákvað að tala við Trausta Val Traustason um að koma og gera kostnaðaráætlun um framkvæmdir í húsinu.

7. Umsókn um tækifærisleyfi

Lagt fram erindi frá Sýslumanninum á Norðurlandi vestra þar sem óskað er staðfestingar hreppsnefndar á leyfi til halda skemmtun í Héðinsminni þann 8.11.2018.

Leyfið staðfest.

8. Önnur mál

Hér undir skýrsla oddvita.

Ekki fleira rætt og fundi slitið klukkan 18.18